

## Ofanflóðakortasjá 2.0 – Notendahandbók

Ofanflóðakortasjá Veðurstofu Íslands var unnin til að auðvelda aðgengi notenda, bæði almennings og sérfræðinga, að ofanflóðagögnum sem varðveitt eru hjá Veðurstofu Íslands. Notendahandbók þessi útskýrir innihald og virkni í útgáfu 2.0 af Ofanflóðakortasjánni.

[Yfirlit](#)

[Aðalstjórnborð](#)

[Tækjastika](#)

[Stjórn tæki](#)

[Kortabekjur](#)

[Flýtvísar](#)

[Mörk korts](#)

[Mælingar](#)

[Snjóflóðaskýrslur](#)

[Stillingar netvafra](#)

[Spurt og svarað](#)

### Yfirlit

Í þessari útgáfu kortasjárinnar er hægt að skoða eftirfarandi ofanflóðagögn:

- Hættumat vegna ofanflóða
- Rýmingarreitir
- Snjódýptarstöðvar
- Útlínur snjóflóða


Kortasjáin þekur allt Ísland en ítarlegustu upplýsingarnar koma frá þeim þéttbýlistöðum þar sem snjóathugunarmenn starfa.

Kortasjáinn inniheldur einnig virkni sem tengist öðrum vefsíðum auk tækja og tóla í ákveðnum innbyggðum stjórnborðum. Aðalstjórnborðið og tækjastíkan eru ófæranleg, ávallt á sama stað í vefsjánni og alltaf sýnileg. Önnur stjórnborð er hægt að færa til innan vefsjárgluggans auk þess sem hægt er að birta eða fela þau með því að smella á viðkomandi hnapp á aðalstjórnborðinu.

Vefsjáin er hönnuð til nota í hefðbundnum borð- eða fartölvum. Virkni, leiðbeiningar og útskýringar í notendahandbók þessari miðast því við not í slíkum tölum en ekki t.d. snjalltækjum svo sem spjaldtölvum.

## Aðalstjórnborð

Aðalstjórnborðið (Mynd 1) inniheldur krækjur í skjöl og vefsíður sem tengjast kortasjánni á einn eða annan hátt. Aðalstjórnborðið er ófæranlegt, ávallt á sama stað í vefsíðunni og alltaf sýnilegt.



Mynd 1: Aðalstjórnborð







### Krækjur

snjóflóðaspá	Krækja á vefsíðu Veðurstofu Íslands þar sem nálgast má mat á snjóflóðaaðstæðum og nýjustu snjóflóðaspár fyrir valin svæði.
notendahandbók	Krækja á notendahandbók Ofanflóðakortasjárinnar (þessi handbók).
tilkynna snjóflóð	Krækja á skráningarvef Veðurstofu Íslands þar sem hægt er að tilkynna um fallin snjóflóð.
en	Krækja á enska útgáfu Ofanflóðakortasjárinnar.

Hægt er að fara á heimasíðu Veðurstofu Íslands með því að smella á merki stofnunarinnar efst til vinstri í stjórnborðinu.

### Tækjastika

Tækjastikan inniheldur einstök tól og tæki sem ætlað er að stjórna sýnileika ákveðinna stjórnborða eða til að nálgast frekari upplýsingar um ákveðin fyrirbæri.

-  Smella á til að birta/fela viðkomandi stjórnborð
-  Smella á til að birta/fela viðkomandi stjórnborð
-  Smella á til að birta/fela viðkomandi stjórnborð
-  Smella á til að birta/fela viðkomandi stjórnborð
-  Smella á til að virkja upplýsingaglugga
-  Smella á til að sækja skýrslu um ákveðið snjóflóð út frá snjóflóðanúmeri

## Stjórn tæki

Stjórn tæki kortasjárinnar virka þannig að notandinn smellir á kortið með vinstri músarhnapp og heldur honum niðri á meðan kortið er dregið með músinni í þá átt sem ætlunin er að færa kortasýnina. Til þess að ljúka færslunni er vinstri músarhnapp sleppt og kortasýnin uppfærð.

Til þess að þysja að eða frá er annað hvort hægt að nota skrunhjól músar (skrúna fram/inn eða aftur/út) eða með því að nota þysjunarsleðann neðst til vinstri næst mælikvarðaupplýsingunum (mynd 2).



## Kortapekjur


Stjórnborðið er hægt að færa til hvert sem er innan kortasjargluggans. Auk þess er hægt að slökkva á því eða fela með því að smella á viðeigandi hnapp í aðalstjórnborðinu. Til að birta það á ný skal smella aftur á hnappinn í aðalstjórnborðinu.

### Bakgrunnur

Notendur geta valið á milli fjögurra mismunandi bakgrunna með því að smella á viðkomandi valhnappa efst í stjórnborðinu:

- Mynd (SPOT © CNES 2002-2007 © LMÍ)
- Mynd + örnefni (SPOT © CNES 2002-2007 + örnefni úr IS50V kortagrunni © LMÍ)
- Kort (unnið úr IS 50V gagnagrunni © LMÍ)
- Kort + örnefni (unnið úr IS 50V gagnagrunni © LMÍ)

Bakgrunnskort eru í þróun og geta tekið breytingum þar sem frekari upplýsingum verður hugsanlega bætt við svo sem háupplausnar loftmyndum auk annars konar upplýsinga sem geta nýst notendum í vefsíðunni. Bakgrunnskortin byggja á gögnum frá Landmælingum Íslands og eru birt með leyfi samkvæmt 31. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 og lögum um landmælingar og grunnkortagerð nr. 103/2006, fyrir gjaldfrjáls gögn frá Landmælingum Íslands.



Mynd 3: Kortapekjur

Grunnkort vefsjárinnar eru hönnuð í ákveðnum mælikvörðum og breyta ásýnd eftir því sem notandinn þysjar út eða inn. Best er að nota vefsjána í eftirfarandi mælikvörðum því þá eru grunnkortin hvað skýrust:

1:5.000 – 1:10.000 – 1:25.000 – 1:50.000 – 1:100.000 – 1:250.000 – 1:500.000 – 1:1.000.000 – 1:2.000.000

### Fitjuþekjur

Gögn um snjódýpt, útlínur snjóflóða, hættusvæði og rýmingarsvæði vegna ofanflóða eru aðgengileg sem fitjuþekjur í vefsjánni.

Hægt er að birta fitjuþekjurnar á kortinu með því að smella á viðkomandi hnappa í stjórnborðinu. Á sama hátt er hægt að slökka á fitjuþekju með því að smella á viðkomandi hnapp í stjórnborðinu. Þegar vefsjáin er opnuð í fyrsta sinn eru snjódýptar og snjóflóða þekjurnar sjálfkrafa sýnilegar.

Hugsanlegt er að fleiri fitjuþekjum verði bætt við vefsjána í framtíðinni t.d. útlínur varnarmannvirkja o.fl.

### Uppfærslur


Fitjuþekjur eru uppfærðar reglulega, bæði er nýjum upplýsingum bætt við og eldri upplýsingar lagfærðar ef þurfa þykir.

Tafla 1: Tíðni uppfærslna

Fitjuþekjur	Uppfærslur
Rýmingarreitir Hættumat vegna ofanflóða	Eftir þörfum
Útlínur snjóflóða	1-2 sinnum á ári
Snjódýptarmælingar	Dagleg uppfærsla

### Birtingarmælikvarði

Birtingarmælikvarði er mælikvarði sem ákveðnar fitjuþekjur birtast í t.d. þegar þysjað er nær og/eða fjær í vefsjánni. Birtingarmælikvarði er mismunandi fyrir ákveðnar þekjur samanber töflu hér að neðan. Ef þysjað er út fyrir útgefin birtingarmælikvarða ákveðinnar fitjuþekju er það gefið til kynna í kortaþekjustjórnborðinu þannig að viðkomandi valhnappur verður óvirkur og grár á lit (Mynd 4).



Mynd 4: Valhnappar fyrir fitjuþekjur

Grunnkort og örnefni eru ekki forrunnin í mælikvarða 1:5000 fyrir svæði utan þéttbýlisstaða og því vantar kortaflísar sums staðar í þeim mælikvarða. Slíkt er gefið til kynna með sérstökum flísum þar sem við á. Í slíkum tilfellum er notendum ráðlagt að þysja út í mælikvarða 1:10000 en í þeim mælikvarða (og smærri) eiga kortaflísar að vera tiltækar alls staðar á landinu.

Tafla 2: Fitjuþekjur og birtingarmælikvarði

Þekjur	Birtingarmælikvarði
Snjódýptarstöðvar	1:5.000 til 1:100.000
Útlínur snjóflóða	1:5.000 til 1:100.000
Rýmingarreitir	1:5.000 til 1:10.000
Hættumat vegna ofanflóða	1:5.000 til 1:50.000
Kortagrunnur	1.5.000 til 1.2.000.000

### Upplýsingar um fitju

Hægt er að fá upplýsingar um fyrirbæri á kortinu, t.d. útlínur snjóflóðs, með því að smella einu sinni á útlínuna á kortinu. Óþarfi er að velja sérstakt upplýsingatól áður en það er gert líkt og venja er í mörgum öðrum kortasjám. Þegar smelt er á fyrirbæri sprettur upp skjágluggi með upplýsingum um viðkomandi fyrirbæri (Mynd 5).

Þegar notandi smellir á fyrirbæri á kortinu eru þau valin og fá annan lit (t.d. appelsínugulan). Ef mörg fyrirbæri eru undir sama svæði, þar sem smelt er á kortið, veljast þau öll en fjöldi valinna fyrirbæra kemur fram efst til vinstri í skjáglugganum sem birtis og innan sviga (sjá mynd). Með því að smella á örina efst til hægri í skjáglugganum getur notandinn flett á milli allra valinna fyrirbæra og skoðað upplýsingar um hvert og eitt þeirra.



Mynd 5: Upplýsingagluggi

## Flýtvísar

Hægt er að þysja beint að ákveðnu ofanflóðaeftirlitssvæði og/eða að þéttbýli með því að smella á þysjunarhnapp viðkomandi flýtvísis í stjórnborðinu (Mynd 6).

Hægt er að hlaða niður útgefnum hættumats- og rýmingarkortum fyrir hvert svæði og skoða þau sem pdf skjöl með því að smella á fyrirsögnina „Þéttbýli“ í stjórnborðinu og síðan á hlekkina hættumatskort eða rýmingarkort.

Stjórnborðið er hægt að færa til hvert sem er innan vefsjárinnar auk þess sem hægt er að fela það með því að smella á viðkomandi hnapp í aðalstjórnborðinu. Til að birta það á ný skal smeltt aftur á hnappinn á aðalstjórnborðinu.



Mynd 6: Flýtvísar

## Mörk korts



Mynd 7: Mörk korts

Mörk sýnilegs svæðis í vefsjárinni birtast í stjórnborðinu (Mynd 7) í ISNET93 hnitum (viðmiðun ISN93).

Stjórnborðið er hægt að færa til hvert sem er innan vefsjárinnar auk þess sem hægt er að fela það með því að smella á viðkomandi hnapp á tækjastikunni. Til að birta það á ný skal smeltt aftur á sama hnapp á tækjastikunni.


## Mælingar

Í stjórnborðinu er að finna tæki til þess að nálgast hnit ákveðinnar staðsetningar, til að mæla lengdir og loks til að mæla flatarmál.

Stjórnborðið er hægt að færa til hvert sem er innan vefsjárinnar. Auk þess er hægt að fela það með því að smella á viðeigandi hnapp á tækjastikunni. Til að birta það á ný skal smeltt aftur á hnappinn á tækjastikunni.

## Finna staðsetningu 📍


Veljið rétt tól með því að smella á tákn þess í stjórnborðinu og smellið síðan á kortið til þess að birta hnit þeirrar staðsetningar (Mynd 8). Staðsetningin sem upplýsingarnar gilda um birtist á kortinu sem rauður fáni. Hnitin eru gefin upp í lengdar- og breiddargráðum, annað hvort sem tugabrotsgráður (Decimal Degrees) eða á hefðbundnari hátt sem gráður, mínútur og sekúndur (DMS).



Mynd 8: Dæmi um staðsetningarhnit í tugabrotsgráðum.

## Mæla fjarlægðir 📏

Smellið á táknid til að virkja mælingarham og hnitid síðan inn á kortið þá línu sem mæla á með því að velja upphafspunkt, millipunkta og endapunkt (Mynd 9). Tvísmellið við gerð endapunkts til þess að ljúka við mælinguna og birta niðurstöðu. Hægt er að velja um í hvaða einingum niðurstaðan birtist en þær eru kílómetrar, fet, metrar eða stikur.






Mynd 9: Dæmi um lengdarmælingu

## Mæla flatarmál 📐

Smellið á táknid til að virkja mælingarham og hnitid síðan inn kortið útlínur þess svæðis sem mæla á flatarmál á (Mynd 10). Tvísmellið til þess að ljúka við mælinguna og birta niðurstöðu. Hægt er að velja um í hvaða einingum niðurstaðan birtist en þær eru ferkílómetrar, fermíllur, hektarar o.s.frv.


Mæla

   | Sq Kilometers ▼

---

Measurement Result

730.03 Sq Kilometers



Mynd 10: Dæmi um flatarmálsmælingu

## Snjóflóðaskýrslur

Hægt er að sækja skýrslu um valið snjóflóð. Leitarvél opnast með því að smella á viðeigandi hnapp í aðalstjórnborðinu. Þar á að slá inn númer flóðs í innsláttarreit og smella á hnappinn til að birta snjóflóðaskýrslu á html formi (Mynd 11).



Mynd 11: Innsláttarreitur fyrir leit að snjóflóðaskýrslu

Athugið þó að ekki eru til upplýsingar fyrir öll snjóflóð í gagnagrunninum á þessari stundu.

## Stillingar netvafra

Kortasjáin hefur verið hönnuð með hraðvirkni í huga en stillingar notanda (sjá javascript umfjöllun að neðan) og hraði nettenginga geta dregið úr hraðvirkni eða hindrað aðgang að innihaldi kortasjárinnar.

### JavaScript stillingar

Javascript þarf að vera leyft í netvafranum til að geta séð innihald kortasjárinnar. Sjá nánari upplýsingar og leiðbeiningar á [vefnum](#).



## Spurt og svarað

- [Kort er ekki sýnilegt](#)
- [Fitjuþekja er sýnileg á kortinu en hún birtist ekki í stjórnborðinu](#)
- [Fitjuþekja er valin í stjórnborðinu en er ekki sýnileg á kortinu](#)
- [Bakgrunnur birtist ekki og/eða tekur langan tíma að birtast](#)

### **Kort er ekki sýnilegt**

Javascript í netvafra þarf að vera leyft (sjá [javascript umfjöllun](#)). Ef javascript er leyft en innihald birtast ekki er hugsanlegt að kortasjáin liggji niðri vegna viðhalds. Reynið aftur síðar.

[til baka](#)

### **Fitjuþekja er sýnileg á kortinu en hún birtist ekki í stjórnborðinu**

Hugsanlega er um villu í javascript að ræða. Prófaðu að endurhlaða síðuna með því að ýta á „refresh“ tákn á tækjastiku netvafrans eða á F5 á lyklaborðinu.

[til baka](#)

### **Fitjuþekja er valin í stjórnborðinu en er ekki sýnileg á kortinu**

Mælikvarði kortsins er hugsanlega utan við birtingarmælikvarða sem fitjuþekjan birtist í. Sjá [umfjöllun um birtingarmælikvarða fitjuþekju](#).

[til baka](#)

### **Bakgrunnur birtist ekki og/eða tekur langan tíma að birtast**

Bakgrunnarnir kort og kort + örnefni geta tekið langan tíma að birtast í mælikvarða 1:5000 en þetta er eðlilegt fyrir svæði utan þéttbýlisstaða. Vinsamlegast sýnið þolinmæði meðan kortasjáin er að vinna. Ef bakgrunnur birtist ekki eftir vinnsluna eða hluta hans vantar vinsamlegast þysjið einu sinni út og síðan inn aftur.

[til baka](#)